

VIÐSKIPTAFRÆÐINGAR HAGFRÆÐINGAR · VERKFRÆÐINGAR EÐA SAMBÆRILEG MENNTUN

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ (FME) AUGLÝSIR STÖÐUR LAUSAR

Um er að ræða fjölbreytt verkefni og tækifæri til faglegrar þróunar. Störfin fela í sér samskipti við eftirlitsskylda aðila bæði innanlands og erlendis og viðskiptavini þeirra. Jafnframt vinna við úrlausn ýmissa mála varðandi eftirlit með viðskiptaháttum.

Lánasvið

Í starfinu felst eftirlit með fjármálafyrirtækjum, s.s. athuganir á áhættustýringu og áhættumati. Ennfremur vettvangsathuganir þar sem fjármálafyrirtæki, útibú og dótturfélög þeirra, innlend og erlend, eru heimsótt. Þátttaka í norrænu samstarfi um eftirlitsmál sem og öðru samstarfi innan Evrópu. Viðkomandi mun fylgjast sérstaklega með ákveðnum fyrirtækjum og bera ábyrgð á ákveðnum málaflokkum ásamt því að taka þátt í öðrum verkefnum.

Umsóknarfrestur er til 2. maí 2007

Umsóknir og starfsferilskrá berist til Huldu Guðmundsdóttur, Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík, eða á netfangið hulda@fme.is

Æskilegir eiginleikar sem horft er til

- Viðeigandi starfsreynsla, t.d. á fjármálamarkaði
- Frumkvæði, metnaður og hæfni til þátttöku í hópvinnu

Lífeyris- og verðbréfasjóðasvið

Í starfinu felst almennt eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, einkum fjárfestingum, skuldbindingum, áhættustýringu og samþykktum, m.a. með vettvangsathugunum og sérstökum athugunum á þáttum í starfsemi sjóðanna. Einnig eftirlit með starfsemi verðbréfasjóða og þátttaka í mótun rafræns eftirlits FME, s.s. gagnagrunna og úrvinnslukerfa, hæfismati og erlendum samskiptum.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

FME er vinnustaður með opinn stjórnunarstíl, hátt menntunarstig og öfluga líðsheild. Lögð er áhersla á símenntun, skýra verkefnaábyrgð og framþróun í starfi. Vinnuumhverfið er lífandi og einkennist af fjölbreytni, þverfaglegri samvinnu og alþjóðlegu samstarfi. Nánari upplýsingar um FME er að finna á www.fme.is.